

Ár 1973, mánudaginn 29. október, var í málinu nr. 46/1972 kvæðinn upp af Yfirfasteignamatstofnd svohljóðandi

#### Á r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að Kristján Simonarson, Iverflögötu 19 B, Hafnarfirði, hefur á leigu ræktunarland, svonefndan Unaðsdal við Hafnarfjörð. Hefur hann stundað garðrækt á landi þessu og reist þar geymslu fyrir garðavexti. Í aðalmati fasteigna er eign þessi metin þannig, að 345 m<sup>2</sup> lóð er metin á kr. 68 þús., 384 m<sup>3</sup> grænmetisgeymsla á kr. 417 þús. og 13.932 m<sup>2</sup> ræktunarland á kr. 1 millj. 44 þús.

Árin 1972 og 1973 hefur Hafnarfjarðarboar lagt 1,8% fasteignaskatt á ofangreindar eignir á grundvelli b-liðs 1. mgr. og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. ennfreður ákvörðun um 20% hokkun fasteignamats samkvæmt 3. tl. ákvæða til bráðabirgða í sömu lögum. Sjá nú einnig 3. og 4. gr. reglug. nr. 320/1972 um fasteignaskatt. Með bréfi, dags. 4. desember 1972, hefur framangreind skattlagning verið kærð af hálfu Kristjáns Simonarsonar. Er því haldið fram, að skattleggja beri unædda eign samkvæmt a-lið 3. gr. laga nr. 8/1972, sbr. nú 2. gr. reglug. nr. 320/1972.

Samkvæmt framansögðu er hér aðeins til úrlausnar, hvort unædd eign skuli skattlögð á grundvelli a-liðs 3. gr. laga nr. 8/1972, en ekki b-liðs sömu greinar, eins og gort hefur verið.

Ákvæði a-liðs 1. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972, sbr. nú ennfreður 2. mgr. 2. gr. reglug. nr. 320/1972, eru undantekningarreglur, sem skýra þer þröngt. Heginregla þessara ákvæða er samkv. því sú, að fasteign, sem nýtt er í þágu tiltekinnar greinar landbúnaðar, skuli því aðeins skattlögð samkvæmt þeim, að viðkomandi búgrein sé stundað í þeim mæli ein sór eða með öðrum greinum landbúnaðar, að um aðalatvinnu nanns af landbúnaði gæti talið vera að ræða. Í a-lið 3. gr. laga nr. 8/1972 er þó tekið fram, að "oríða-  
Zestulönd" skuli skattlögð samkvæmt þeim lið. Skýra verður ákvæðið að þessu leyti svo, að átt sé við lönd, sem leigð hafa verið á oríðaleigu til ræktunar, enda séu þau í raun nýtt á þann hátt. Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, uppfyllir ræktunarland keranda þessi skilyrði, en þar er um að ræða land það, sem er í fasteignamati sérskráð sem ræktunarland, talið 13.932 ferm. að stærð og metið á kr. 1.044.000,-.

Þ R S K U R D A R O E Þ :

Þrannngreint røktunarland, talið í fasteignsmati 13.932 fern. að stærð og matið þar á kr. 1.044.000.-, skal að því er varðar fasteignaskatt fyrir árin 1972 og 1973 skattlagt á grundvelli n-118a 3. gr. laga nr. 8/1972, sbr. nú 2. gr. reglugerðar nr. 320/1972.

Gnukur Þórundsson

Torfi Ángelsson

Pállni Jónsson

Rétt afrit staðfest.

Reykjavík, 29. október 1973.

YFIRFASTEIGNAMÆTISNEFND